

Hverfisráð Raufarhafnar.

Haldin 21. júní 2022 kl 13:00

Mættir eru Ingibjörg Hanna Sigurðardóttir, Bergdís Jóhannsdóttir og Elva Björk Óskarsdóttir var í síma.

Nanna Höskuldsdóttir verkefnisstjóri ritaði fundargerð.

1. Samþykktir hverfisráða.

Það er mat hverfisráðs að taka þurfi upp samþykktir hverfisráðanna sem fyrst með það að markmiði að gera ráðin skilvirkari og betri.

Hverfisráð óskar eftir að starfshópur verði skipaður með einum fulltrúa frá hverju hverfisráði og svo fulltrúum sveitastjórnar.

2. AIRBNB

Hverfisráð hefur áhyggjur af þróun mála á Raufarhöfn sem snýr húsnæði sem fer undir AIRBNB. Hverfisráð óskar eftir því að sveitarfélagið skoði þessi mál með það að markmiði að stöðva þessa þróun, þar sem skortur er á íbúðarhúsnæði fyrir heilsárs búsetu í þorpinu.

3. SR lóð

Ingibjörg fór yfir fund sem hún sat hjá Byggðaráði í lok maí síðastliðnum ásamt formönnum hverfisráðanna vegna málefni tengdum S.R lóð og fiskseldi í sjó. Málið er í vinnslu hjá Byggðaráði.

4. Afsögn í ráðinu.

Kolbrún Valbergsdóttir sagt af sér í hverfisráði, atvinnu og samfélagsfulltrúi vinnur að því að finna staðengil hennar.

Ingibjörg létt skoða mögulegt vanhæfi sitt í hverfisráði vegna nefndarsetu innan sveitarfélagsins, Ingibjörg ræddi við skrifstofu stjóra um málið og ákveðið var að Ingibjörg sæti þennan fund og málið skoðað aftur á haustdögum

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 14:30

Bergdís L Jóhannsdóttir,

Ingibjörg H Sigurðardóttir.

Fh. Elva Óskarsdóttir (Nanna Höskuldsdóttir)